

Ærslabelgur, minnisblað.

Málsaðili : Hafnarfjarðarkaupstaður
Tengiliður :
Dagsetning : 12.07.2021
Númer : 1803160
Flokkur : 540 Garðyrkja, almenningsgarðar

Efni :

Þegar um staðsetningu ærslabelgs er að ræða þarf að skoða það deiliskipulag sem er í gildi, framkvæmdaleyfi eru alltaf gefin út á grundvelli gildandi skipulags. Á birtu og staðfestu skipulagi fyrir Skarðshlíð 2. áfangi eru nokkrir leikvellir, td. vestan grunn- og leikskólalóðar er ágætis leikvöllur. Legg til að belgurinn verði settur niður þar.

Á skipulagi Valla 6 áfanga er gert ráð fyrir í greinagerð að hægt sé að staðsetja leiktæki á hverfisverndaða svæðinu við leikskólann, skilst að ekki sé sátt um það þrátt fyrir að ákvæði í gildandi skipulagi geri ráð fyrir að það sé hægt. Á því sama skipulagi er einn grenndarvöllur og hann er fullbyggður þannig að sú staðsetning kemur ekki til greina.

Þessir belgir eiga ekki að vera á skólalóðum, í fyrsta lagi verður aldrei sátt um hvort að þeir eigi að vera þar eða ekki og í öðru lagi kallar slík starfsemi á viðtækari kynningu bæði meðal íbúa og skólastjórnenda.

Að mínu mati á ekki að kynna hverja einustu framkvæmd sem gerð er, deiliskipulag er það verkfæri sem sveitarfélög hafa til að gefa út framkvæmdaleyfi, þau hafa hlotið allar löglegar kynningar með athugasemdarfrestum og málsmeðferð og eru birt í B deild Stjórnartíðinda og öðlast þar með löglegt gildi.